

Stækkunarstjóri: Ísland hefði ekki mikil áhrif á stefnu ESB

Íslenskir ESB sinnar hafa verið óþreytandi í því að segja að Ísland fái undanþágur frá meginstefnu sambandsins í sjávarútvegsmálum. Fyrir þessu hafa engin rök fundist önnur en að nokkrar uppblásnir smábátar á Möltu hafi fengið að veiða hornsíli í eldhússigti í nokkrar mínútur eftir að eyjan varð hluti að sambandinu.

Nú bætist það við að stækkunarstjóri Evrópusambandsins, Stefán Fúli (Stefan Füle), segir að aðild Íslands hafi lítil sem engin áhrif á stefnu sambandsins þrátt fyrir að aðildarsinnar hamist dag og nótt við að sannfæra fólk um að Ísland muni gjörbreyta auðlindastefnu sambandsins. Stækkunarstjórinn hefur tekið af því allan vafa en á vef Mbl segir:

Hann [Stefan Füle] sagði og að lega Íslands myndi styrkja sambandið á mikilvægu hafsvæði. Stækkunarstjórinn benti einnig á að Ísland væri aðili að innri markaði ESB og aðild hefði *ekki í för með sér mikil áhrif á stefnu sambandsins*.

Smáfuglarnir leyfa sér að feitletra síðustu orð Stefáns svo að þeir sem stöðugt tala um undanþágur frá auðlindastefnu sambandsins sjái þau betur. Það er kannski kominn tími til að íslenskir ESB sinnar vakni af draumsvefni og horfi á veruleikann eins og hann mætir þeim í ummælum stækkunarstjórans.